

**Stjórn byggðasamlags UTU - 124. fundur
haldinn á Teams, þriðjudaginn 1. júlí 2025
og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Ráðning skipulagsfulltrúa

Lagt fram minnisblað unnið af Hagvangi. Þar sem rakið er umsóknarferlið sem samanstóð af mati á umsækjendum byggt á innsendum umsóknargögnum, stöðluðum hegðunartengdum viðtölum og framhaldsviðtali auk umsagna. Farið var yfir reynslu umsækjenda á þeim hæfnisþáttum sem tilgreindir voru í auglýsingu og þekking þeirra og geta metin með auglýsinguna að leiðarljósi. Það var gert með því að fara ítarlega yfir ferilskrár og kynningarbréf viðkomandi umsækjenda og með viðtölum við þá tvo umsækjendur sem taldir voru uppfylla best þær hæfniskröfur sem settar voru fram í auglýsingunni. Að úrvinnslu lokinni er niðurstaðan sú að bjóða Sigríði Kristjánsdóttur starfið.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og samþykkir að bjóða Sigríði starfið. Skrifstofustjóra og formanni falið að vinna málið áfram.

Helgi Kjartansson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Varaformaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir